



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra**  
**Haraldur Birgir Haraldsson**  
**Suðurlandsvegi 1**  
**850 Hella**

[birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is)

Selfossi, 24. maí 2023  
2304019HS SG

### **Efni: Svínhagi L7 C - Umsögn um deiliskipulagstillögu**

Þann 5. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Svínhaga L 7C í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða lóðina Svínhagi L 7-C - L 222402, 26.900 m<sup>2</sup> spildu úr landi Svínhaga á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra. Í inngangi greinargerðarinnar segir að: „Deiliskipulagið tekur til byggingar allt að 2 íbúðarhúsum, gistiskýls og gestahúsi.“

Samkvæmt kaflanum „Deiliskipulag – byggingar“ verði heimilt að byggja:

1. Frístundahús allt að 250 m<sup>2</sup>
2. Vinnustofuhús, allt að 150 m<sup>2</sup>
3. Bílskúr, allt að 50 m<sup>2</sup>
4. Gróðurhús, allt að 50 m<sup>2</sup>.

**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að ofnagreindum upplýsingum ber ekki saman um hvers konar byggingar verði leyfðar á skikanum.**

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við framangreinda tillögu en bent á að fráveitumannvirki s.s. rotþrær og siturlagnir eða aðrar lausnir skulu þannig staðsettar og frágengnar að aðgengi að þeim til tæmingar og viðhalds sé auðvelt að teknu tilliti til aðstæðna að öðru leyti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri